



HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

Icelandic Church Aid

Alþingi

Erindi nr. P 128/1171

komudagur 20.2.2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar Pskj.51-51. mál.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Viðbót við greinagerð:

Við fyrstu málsgrein.

Hér hjá Hjálparstarfi kirkjunnar höfum við orðið vör við að þriðja kynslóð notenda er í auknu mæli farin að sækja aðstoð hingað. Þá er algengara en ekki að yngsti fjölskyldumeðlimur hefur ekki lokið 10 bekkjar prófi og er án atvinnu jafnvel í neyslu og á hálfri framfærslu frá viðkomandi sveitarfélagi. Sammerkt með þessum þremur kynslóðum er að þær standa höllum fæti félagslega og fjárhagslega.

Við aðra málsgrein.

Börn foreldra með slæman efnahag eiga ekki eingöngu á hættu að lifa við lakara heilsufar eða skertari félagslegri möguleika, heldur er möguleiki þeirra og hvattning til framhaldanáms minni en hjá jafnöldrum þeirra sem búa við betri kjör.

Eins þætti mér eðlilegt að úttektin yrði einnig unnin í nánú samráði við launþegahreyfinguna þar sem lág laun og lág atvinnuleysisbætur eru hluti af vandanum.

Virðingarfyllst

Vilborg Oddsdóttir

Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi
Umsjónarmaður innanlandsaðstoðar.